MMF 02.004

Endurmálun veggja innanhúss, tvær umferðir

FLOKKUR	VERKÞÆTTIR	MÆLING
02 Loft og veggir	7	Fermetrar

VERKÞÆTTIR

1. Skafa upp skemmdir, hreinsa og verja fleti.
2. Blettspartla og slípa.
3. Blettgrunna.
4. Slípa lauslega.
5. Mála eina umferð með akrýl málningu.
6. Mála eina umferð með akrýl málningu.
7. Frágangur og tiltekt.

MÆLING OG UPPGJÖR

- Veggir mælast í fermetrum.
- Þau op sem eru stærri en 2 m² dragast frá þ.e. það sem umfram er 2 m². (þ.e.a.s. 10 m² op, þá dregst 8 m² frá og tveir standa eftir, vegna vinnu við frágang við op, t.d. gluggaop, hurðaop o.s.frv.)
- Kantar inn að gluggum mælast með veggjum þ.e. ljósop gluggans er minnkað sem nemur kantinum.